


Gildandi deiliskipulag - mkv. um 1:2600, samþ. mars 2005




Úrklippa úr aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024

## Byggingar / Lóðir.

Stærð skipulagssvæðis er ca 7 ha., auk framtíðar-skipulags ca 8 ha.
Húsin eru 50 m2 að stærð. Litur verði samræmdur þ.e. þök brún, veggir gráleitir og gluggar og hurðir hvít. Þök eru tvíhalla og miðað er við þakhalla á bilinu 23 - 35 °.
Viðhald sameiginlegra svæða verði í umsjá landeigenda.

## Aðkoma.

Lagður verði sameiginlegur vegur með bílastæðum út frá Pétursborgarafleggjara.

## Umhverfismál.

Plantað verði trjá- og víðigróðri umhverfis svæðið og á það.
Meðfram læknum og umhverfis svæðið skal planta út í breið belti og reynt að skapa skóg. Skal planta skógarplöntum af trjám og runnum þannig að þær falli sem eðlilegast að umhverfinu, - óreglulega og taka skal mið af vaxtarstað. Selju, brekkuvíði, ösp og sitkagreni skal plantað á votlenda staði, en loðvíði, tröllavíði, birki, reyniviði, stafafuru og lerki á þurrari staði.
Ennfremur skal reynt að planta skjólmegin í holt.
Á milli húsa skal plantað í skjólbelti til að minnka innsýn og skapa skjól gegn vindi.
Sameiginlegu leiksvæði verði komið fyrir á svæðinu.
Í framtíðar skipulagi verði plantað trjágróðri í malarnámuna austast á svæðinu til að loka sárinu og skapa útivistarsvæði.

## Lagnir og veitur.

Leggja skal vatnslögn frá Vatnsveitu Akureyrar að hverjum bústað.
Tvær rotþrær skulu vera á svæðinu sem taka við frárennsli frá bústöðunum.
Rafmagn skal tekið út frá raflínu frá RARIK, sem liggur í gegnum svæðið.

Breyting 2005:
Skipulagssvæðið er stækkað um 3,6 ha til austurs og gert ráð fyrir tveimur frístundahúsum nr. 11 og 12 til viðbótar við skipulag frá júní '93. Stærð húsa er um 63 m2 og litir á veggjum og hurðum verði ídekktir timburlitir, að öðru leyti gilda sömu skilmálar og í núgildandi skipulagi




Gildandi skilmálar frá 1993

## Forsaga skipulag.

Eiríkur Sigfússon kt. 170641-3539, óskar eftir að setja niður 6 sumarbústaði í Fögruvík, norðan Akureyrar, sem er í eigu Einarsstaða - Sílastaða sf. Bústaðir þessir verða leigðir út til skemmri eða lengri tíma.

## Forsendur skipulags.

Leitast skal við að ná góðu útsýni frá bústöðum, en að hver þeirra verði sem mest út af fyrir sig. Jarðraski á landinu verði haldið í algjöru lágmarki og að uppsetningu lokinni verði öllum ummerkjum eftir framkvæmdina eytt.

## Lýsing á svæði.

Skipulagssvæðið liggur í landi Pétursborgar í Glæsibæjarhreppi, norðan Akureyrar.
Bústaðirnir liggi sunnan lækjar sem rennur í Fögruvík. Útsýni norður Eyjafjörðinn er stórbrotið. Landið er grösugt með holtum og klettum.

Tillaga að breytingu

*1. Bætt við einu frístundahúsi og lóð nr. 8b 1071 fm að stærð. Stærð húss verður um 35 fm og hæð á mæni mænisþaks um 4,30m*

*2. Í útjaðri svæðisins við aðkomu hefur verið byggt þjónusu-/starfsmannahús vegna þjónustu við svæðið. Stærð þess er um 45 fm og hæð á flötuþaki um 3,0m. Tillagan gerir ráð fyrir að hús þetta sem verið hefur á tímabundnu stöðuleyfi verði nú hluti að deiliskipulagi frístunda-/ferðaþjónustsvæðisins og eingöngu nýtt fyrir starfsemina en ekki til úleigu.*

*3. Við aðkom verður byggt 22 fm hús fyrir afgreiðslu, hæð með risi um 4.10m.*

## Skýringar:

- Skipulagsmörk
- 5 m hæðarlínur
- 25 m hæðarlínur
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Núv. byggingar
- Ⓡ Rotþró

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð skv. 1. m.gr. 43. gr. skipu-lagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann______________

Tillagan var auglýst frá_____________ með athugasemdafresti til_________

______________________
Sveitarstjóri

Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann_________________

Fagravík Pétursborg Hörgársveit frístunda-/ferðaþjónustuhús

| | | |
|---|---|---|
| teikn: Tillaga að breyt. á deilisk. | mkv: 1:2000 í A2 | teiknað af: ghg |
| verknr: 13-104 dags: 07.11.16 br: | br: | teikn-nr: |

BÚGARÐUR
Ráðgjafaþjónusta á Norðausturlandi
Óseyri 2, 603 Akureyri, s:460 4477. netf: bugardur@bugardur.is

guðbjörg guðmundsdóttir
landslagsarkitekt fíla
guðmundur h gunnarsson
ráðgjafi